

## 123.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn 31.október 2012 kl. 17:30 í Leikskóla Stykkishólms

1. Skýrsla leiksskólastjóra
2. Umræður um umbætur í framhaldi af ytra mati á leikskólanum
3. Innra mat í leikskólanum
4. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 17:40

Mættir. Hrefna Frímansdóttir fulltrúi, Sólbjört S. Gestsdóttir fulltrúi kennara leikskólans, Sigurður R. Bjarnason fulltrúi, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Haukur Garðarsson fulltrúi og Steinunn María Þórsdóttir formaður foreldrafélags leikskólans.

Haukur Garðarsson var kosinn ritari nefndarinnar og ritaði fundargerð.

### 1. Skýrsla leiksskólastjóra

#### a) Starfsdagur

Við sóttum um að fá fjórða starfsdaginn frá áramótum, þar sem fundargerð skólanefndar var samþykkt hjá bæjarráði þá lít ég svo á að starfsdagurinn komi inn frá áramótum.

Við tókum ½ starfsdag 12. nóvember þá kemur Anna – Lind Pétursdóttir og heldur áfram með okkur í vinnu með gildi, reglur og starfsaðferðir sem við byrjuðum á í júní. Anna Lind tilbúin að halda fund með foreldrafélaginu.

#### b) Inntökureglur.

Skólastjóri lagði fram endurbættar inntökureglur.

Vegna fjölda ungra barna þá verður að breyta inntökureglum til þess að tryggja það að eldri börnin hafi forgang. Því viljum við leggja þessar reglur fram til samþykktar.

Miklar umræður urðu á fundinum um þessar reglur og samkomulag náðist ekki um reglurnar. Formaður ákvað því að skólastjóri leikskólans myndi taka reglurnar aftur upp og endurskoða þær. Þær verða síðan sendar á fulltrúa til samþykktar.

#### c) Breytingar á stöðum.

Búið er að ráða í 80% afleysingu frá og með 12 nóvember, það er Sigríður B. Guðnadóttir íþróttافرæðingur. Verið er að athuga með ráðningar í 50% stöðu fyrir Maríu Jónasdóttur sem er að minnka við sig vinnu tímabundið að læknisráði, að öllum líkindum verður Þórkatla Valþórsdóttir ráðin á mótí henni en Þórkatla var í vinnu hér í sumar og umsókn frá henni lá inni þar sem hún hafði áhuga á að komast í vinnu í jólafríi og sumarfríi. Einnig er verið að athuga með ráðningar fyrri Magðalenu Hinriksd sem fer í launalaust leyfi 1. janúar 2013 í eitt ár.

#### **d) Ömmu og afadagur.**

Tókst mjög vel og fjöldi manns kom og fagnaði með börnum og kennurum.

#### **e) Skóladagatal.**

Foreldraráð er búið að samþykkja skóladagatalið og er það lagt hér fram.

Skólanefnd lýsir ánægju með hve margir dagar náðust sameiginlegir með grunnskóla. Æskilegt væri að tónlistarskóli hefði einnig starfsdaga á sama tíma.

#### **f) Námsferð 14 – 15 september.**

Námsferðin okkar var mjög vel heppnuð, við fórum á yfir 20 fyrirlestra sem við erum búnar að vera að vinna úr. Einnig skoðuðum við námsgagnasýningu sem var mjög fjölbreytt.

#### **g) Vinnan framundan.**

Hefðbundið vetrarstarf er framundan eins og sést á skóladagatalinu okkar.

#### **h) Fjárhagsáætlun.**

Leikskólinn stendur þokkalega. Endurnýja þarf tölvur leikskólans, fá þráðlausa nettengingu og skjávarpa. Skólanefnd fagnar kaupum á þessum tækjum sem voru löngu tímabær.

#### **i) Dansnám**

Umræða um kostnað við dansnám. Æskilegt væri að leita tilboða fyrir bæði grunnskóla og leikskóla. Kenndar voru 4 vikur í grunnskólanum en 3 í leikskólanum.

### **2. Umræður um umbætur í framhaldi af ytra mati á leikskólanum**

Töluvert er búið af lagfæringum á útisvæði og heldur vinna áfram. Leikskóli er enn þá ómerktur.

### **3. Innra mat í leikskólanum**

Enn þá er verið að undirbúningi fyrir nýja skólanámskrá og verður meginþungi í þeirri vinnu á næstunni. Búið er að gera foreldrakönnun en á eftir að vinna úr henni. Næst verður farið í starfsmannakönnun. Foreldrar og starfsmenn eru almennt ánægð með skólastarfið. Verið er að vinna úr þeirri gagnrýni sem kom fram.

### **4. Önnur mál**

Engin önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið kl 19:15

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),

Sigurður R. Bjarnason, fulltrúi, (sign),

Steinunn María Þórsdóttir, formaður foreldrafélags leikskóla, (sign),

Sólbjört S. Gestsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara leikskólans, (sign),

Hrefna Frímansdóttir, fulltrúi (sign).